

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 15. desember 2021 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Frístundabyggð, 1.–4. áfangi Vatnsendahliðar, í landi Vatnsenda.

Breytingin felur í sér skipulags- og byggingarskilmála fyrir 1.-4. áfanga frístundabyggðar í Vatnsendahlið, en engir skilmálar hafa verið í gildi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti 27. apríl 2022 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Frístundabyggð í Hálsaskógi, IV. áfangi, í landi Hálsa.

Breytingin felur í sér einhalla þak í stað mænispaks og hæð lægri langveggja verði að hámarki 280 cm og hærri langveggja að hámarki 400 cm á lóð Refsholts 32 og 33. Hæð langveggja var 250 cm og mænishæð 480 cm.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 16. maí 2022,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir skipulagsfulltrúi.